

# Imagination

Minnisleikur

Fyrir börn á aldrinum 6-12 ára

2-5 leikmenn

50 spil

30 mínútur

## Markmið leiksins: Semjið eins langa sögu og hægt er

Spil sem er tilvalið til að örva:

-Minni                      -Ímyndunarafl

-Orðaforða                -Málfræði

## Undirbúningur:

Hverjum leikmanni eru gefin 3, 5 eða 7 skreytt söguspil. Hví fleiri leikmenn með spil, hví meira spennandi verður leikurinn.

Hverjum leikmanni eru gefin jóker-spil og sögulokaspil.

## Leikreglur:

Eitt söguspilið er lagt á mitt borðið með framhliðina upp. Hver leikmaður verður að finna upp á byrjun á sögunni með þessu spili og sá sem upphugsar bestu byrjununa, hefur leikinn. Ef leikmenn geta ekki ákveðið hvaða byrjun er best, byrjar elsti leikmaðurinn.

Spilunum þarf að raða í þeirri röð sem þau eru sett út, svo auðveldara sé að fylgja sögunni.

Leikmaður 1 byrjar á að segja söguna og leggur svo niður spil af hendi.

Leikmaður 2 tekur við og endurtekur það sem leikmaður 1 sagði en þarf svo að bæta við skýringu á spilinu sem leikmaður 1 lagði niður. Sagan heldur þannig áfram, hver leikmaður verður að endurtaka söguna frá byrjun og bæta við sinni skýringu á spilinu sem leikmaðurinn á undan lagði niður, áður en hann leggur niður sitt spil.

**Spilin:**

Ef leikmaður man ekki söguna frá byrjun/hefur ekki hugmyndir fyrir síðasta spil sem var spilað, má hann leika jókernum og sleppa úr umferð. Síðan verður næsti leikmaður að þylja söguna frá byrjun og bæta við skýringu á síðasta spili sem var lagt út. Leikurinn heldur áfram eins og venjulega. Jókerinn er settur til hliðar og er ekki hægt að nota hann aftur í þessari sögu en leikmaðurinn sem lék því getur haldið áfram þegar hann á næst leik.

Leikmaður getur alltaf leikið sögulokaspili í stað söguspils þegar hann á leik. Næsti leikmaður verður þá að ljúka við söguna. Sá leikmaður byrjar síðan á nýrri sögj með því að spila út söguspili. Þegar ný saga hefst fá leikmenn aftur notuðu jókerana sína.

Leiknum lýkur þegar engin söguspil eru eftir.

Ekki þarf að endurtaka söguna orð fyrir orð, svo lengi sem atburðir gerast í rétttri röð.